



Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2825
komudagur 16.6.2010

Reykjavík, 16. júní 2010
Tilvísun: HI10050120/0.3

Efni: Umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands um frumvarp til laga um orlof húsmæðra (77. mál).

Háskóla Íslands hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Meðfylgjandi er umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands um frumvarpið og vísar háskólinn til þess sem þar kemur fram.

Virðingarfyllst
f.h. Háskóla Íslands

Ingibjörg Halldórsdóttir
Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2010

Efni: Umsögn Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum um 77. mál, þskj. 77, 138. lþ., frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra.

Almennar athugasemdir

Nokkuð ítarleg greinargerð fylgir frumvarpinu þar sem m.a. er gert grein fyrir uppruna laganna um orlof húsmæðra sem rekur sögu sína allt aftur til ársins 1958 og var ætlað að koma til móts við húsmæður sem engar orlofsgreiðslur fengu, en orlof fyrir almenna launþega hafði verið lögfest árið 1943. Hér er fjallað um helstu rökin sem fram koma í greinargerð frumvarpsins.

1) Höfundar greinargerðarinnar fullyrða að barnaupveldi sé nú sameiginlega á ábyrgð beggja foreldra og að á þeim heimilum þar sem einungis annað foreldri vinnur utan heimilis séu allt eins líkur á því að feðurnir kjósi að sinna börnum og búi og mæðurnar. Höfundar leggja ekki fram rannsóknir til stuðnings þessum fullyrðingum sem báðar ganga þvert á allar þær rannsóknir sem RIKK hefur undir höndum og sýna að barnaupveldi er enn á meiri ábyrgð mæðra en feðra og að þeir foreldrar sem kjósa/verða að sinna börnum og búi eru að miklum meirihluta mæðurnar.

Í skýrslu nefndar um efnahagsleg völd kvenna sem var skipuð af forsætisráðuneytinu er m.a. vísað í viðhorfskönnun um stöðu kynjanna í íslensku samfélagi sem nefndin lét gera í samstarfi við RIKK.¹ Könnunin sýnir fram á að umönnun barna og heimilisstörf eru að miklu leyti í höndum kvenna jafnvel þótt flestir telji að feður eigi ekki síður en mæður að sjá um uppeldi barna sinna. Samkvæmt könnuninni kváðust jafnframt 10% kvenna vera heimavinnandi á móti 4.8% karla.

2) Höfundar greinargerðarinnar sem fylgir frumvarpinu fullyrða: „Ljóst má því telja að lög um orlof húsmæðra brjóta gegn lögum um jafna stöðu karla og kvenna og grúndvallarreglur íslenskrar stjórnskipunar.“ En jafnframt er greint frá því að ekki liggur fyrir úrskurður Jafnréttisstofu eða dómstóla um hvort lögin standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. RIKK mælir með að áður en lagt er til að lög um orlof húsmæðra verði afnumin sé úrskurðað um hvort þau standist jafnréttislögin eða ekki.

¹ Forsætisráðuneytið (2004). *Efnahagsleg völd kvenna*. (Skýrsla). Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sjá slóð http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Efnahasleg_vold_kvonna/EVKskyrsla.pdf

3) Höfundar benda á erfitt efnahagsástand og fullyrða að ekki sé „boðlegt að ríkið skyldi þau (þ.e. sveitarfélögin) til þess að nota það takmarkaða fjármagn sem þau hafa til þess að mismuna íbúunum á grunni kynferðis.“ Ekki liggur enn fyrir hvort hér sé um mismunun að ræða, sbr. það sem segir í 2. lið. Að auki hvetur RIKK ríki og sveitarfélög til þess að gangast fyrir ítarlegri rannsókn á kynjaðri hagstjórn sveitarfélaga og skoða hvernig fjármagnið gagnast körlum annars vegar og konum hins vegar. Slík rannsókn gæti t.a.m. varpað ljósi á hve hátt hlutfall af fjármagni sveitarfélaga gengur til íþróttafélaga í samanburði við aðra útgjaldaliði og hvernig þeir styrkir nýtast konum annars vegar og körlum hins vegar – en umræða þess efnis hefur endurtekið komið upp síðustu ár.

Einnig telur RIKK ástæðu til að gera athugasemd við það að efnahagsástandið sé notað hér sem rök fyrir afnámi laganna þar sem sjötta grein laganna kveður m.a. á um að „Þegar valið er úr umsóknum, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna.“ Hér virðast löginn því geta virkað sem tæki til að koma til móts við þá sem glíma við erfiðar félagslegar aðstæður m.a. vegna efnahagsástandsins.


4) Höfundar greinargerðarinnar fullyrða að „mikill vilji“ sé hjá sveitarfélögum landsins til að afnema lög. Er þar bent á eftirfarandi: samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja 19. júní 2008, ummæli bæjarstjórans á Akureyri í svæðisútlit RÚV í júní 2009, bréf Hveragerðisbæjar til Sambands íslenskra sveitarfélaga og samþykktar stjórnar sambandsins vegna málsins 22. maí 2010. Ef þetta eru allar þær sveitarstjórnir sem hafa tjáð sig um málið er hér tæpast „mikill vilji“ hjá sveitarfélögum landsins. Mælst er til að reynsla sveitarfélaga af lögnum og afstaða fleiri sveitarfélaga til laganna verði könnuð frekar.

Að öllu framansögðu getur RIKK hvorki tekið jákvæða né neikvæða afstöðu til frumvarpsins því til þess eru rökkin sem fylgja greinargerðinni of veik. Í greinargerðinni er ýjað að því að jafnt heimavinnandi konur sem útvinnandi hafi notað orlof húsmæðra, en það getur tæplega verið fullgild ástæða til að afnema orlofið. Fremur beri að hvetja sveitarfélögin til þess að fylgjast betur með úthlutun þess. RIKK mælir með því að ef ástæða þykir til að breyta einhverju í núgildandi lögum á þessu stigi ætti það að vera á þann veg að taka út orðið „kona“ og setja „einstaklingur“ í staðinn. Þannig væri tryggt þeir karlar sem einnig hafa húsmóðurstarfið eitt að atvinnu geti sótt um orlof húsmæðra.

Dr. Auður Styrkarsdóttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands, vann umsögnina með aðstoð Hildar Fjólu Antonsdóttur, verkefnisstjóra RIKK.

Virðingarfyllt

f.h. Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands



Irma Erlingsdóttir, forstöðumaður